

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 5. hæð, þriðjudaginn 4. apríl 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Steinunn Stefánsdóttir og Hilmar Hilmarsson. Þröstur Helgason boðaði forföll. Á fundinn mættu einnig Sigrún Birna Björnsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara og Gunnar Helgason rithöfundur frá SÍUNG. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Málþing í október. Framhaldsumræður.

Stefnt er að um þriggja stunda málþingi 10. eða 11. október um lestur unglunga og skort á áhugaverðu lesefni fyrir þá. Leitað hefur verið eftir samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefanda (FÍBÚT), Barnabókasetur á Akureyri, Félag höfunda barna- og unglingsbóka (SÍUNG) og Samtök móðurmálskennara og hafa undirtektir verið góðar.

Á fundinn mætti Sigrún Birna Björnsdóttir frá Samtökum móðurmálskennara. Aðspurð taldi hún að salur Fjölbrautaskólans í Ármúla gæti hentað vel fyrir málþingið og nefndi hún einnig sal Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Mælti hún með að miða við að fá nemendur úr öðrum bekk framhaldsskóla á málþingið frekar en nemendur úr fyrsta bekk. Hún taldi jafnframt að heppilegra væri að fá fimm nemendur úr nokkrum skólum en að fá stærri nemendahópa úr fáum skólum.

Gunnar Helgason rithöfundur mætti einnig á fundinn og sagði hann að Félag höfunda barna- og unglingsbóka (SÍUNG) stæði fyrir svipuðu málþingi 25. september. Ákveðið var að sagt yrði frá niðurstöðum þess málþings á októbermálþinginu.

Samtök móðurmálskennara og Félag höfunda barna- og unglingsbóka (SÍUNG) munu leggja fram fulltrúa, kennara og rithöfunda, til að vera á málþinginu og stýra umræðum í seinni hluta málþingsins þar sem þátttakendum er skipt niður á nokkur borð. Þeir sem stýra hverju borði munu draga saman niðurstöður í lokin.

### 2. Málræktarþing í nóvember. Framhaldsumræður.

Málræktarþing verður haldið miðvikudaginn 15. nóvember í Þjóðminjasafninu og efni þess er ritun. Haldin verða fimm stutt innlegg og árleg ályktun um stöðu íslenskrar tungu kynnt. Einnig verða veittar viðurkenningar sem tengjast efni málræktarþingsins.

Eftirtaldir halda erindi á málræktarþinginu: Svanhildur Sverrisdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Baldur Sigurðsson frá Menntavísindasviði, Höskuldur Þráinsson og Þórdís Edda Jóhannesdóttir sem lauk nýlega prófi frá Háskóla Íslands. Óskað hefur verið eftir að Eliza Reed haldi erindi á málræktarþinginu en það hefur ekki enn fengist staðfest.

Árman Jakobsson mun skrifa ályktunina. Rætt var um viðurkenningar sem tengjast efni málrættarþingsins og hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að vekja athygli á í þessu samhengi.

### 3. Verkefni Íslenskrar málnefndar

Íslensk málnefnd svarar öllum skriflegum erindum sem henni berast.

### 4. Önnur mál

Ábending hefur borist frá Ástu Kristínu Benediktsdóttur um að farþegum flugvéla Wow air séu einungis kynntar öryggisleiðbeiningar á ensku en þó gætu farþegar spurt flugliða um skýringar ef þeir óskuðu þess sérstaklega. Þetta er í andstöðu við lög um stöðu íslenskrar tungu. Ákveðið var að Íslensk málnefnd skrifaði flugfélaginu og sendi afrit til innanríkisráðuneytisins þar sem minnt er á opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu sem er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Formaður og varaformaður héldu fund 23. mars með Guðna Olgeirssyni og Áslaugu Dóru Eyjólfsdóttur í menntamálaráðuneytinu um að engin viðbrögð hefðu borist frá Menntamálastofnun við bréfi Íslenskrar málnefndar, dags. 16. janúar sl. sem varðaði framkvæmd PISA prófsins. Ráðuneytið tekur undir þær ábendingar, sem fram komu í bréfi Íslenskrar málnefndar um að íslenskar ritreglur sem ráðherra gefur út, séu virtar í skólastarfi, bæði stafsetningarreglur og reglur um greinarmerki.

Formaður kynnti breytingar á stafsetningarreglum hjá málnefnd Stjórnarráðsins 28. mars sl., sjá auglýsingu um setningu íslenskra ritreglna nr. 695/2016

(<https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf>).

Árlegur netfundur norrænu málnefndanna verður haldinn í Árósum mánudaginn 18. september og sækja formaður og ritari Íslenskrar málnefndar þann fund. Þriðjudaginn 19. september nk. verður haldið námskeið um málfarsráðgjöf á stafrænum tímum og þann fund sækir einnig Jóhannes Bjarni Sigtryggsson..

Árleg ráðstefna EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) verður haldin í Mannheim 5.–7. október nk. Bæði Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, og Ari Páll Kristinsson verða með erindi á ráðstefnunni.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15.45.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.